

16.9.2020

Sérstök búsetuúrræði Heimildir innan landnotkunarsvæða

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Markmið aðalskipulagsbreytingar er að skerpa almennt á landnotkunarheimildum er varða staðsetningu sértækra búsetuúrræða. Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að finna ýmsum sérstökum búsetuúrræðum stað í landi borgarinnar. Af gefnu tilefni er brýnt að skýra betur heimildir um mögulega staðsetningu þessara húsnæðislausna innan mismunandi landnotkunarsvæða aðalskipulagsins.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b . Tillöguna má nálgast á reykjavik.is og adalskipulag.is

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 28. október 2020.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

[bestu kveðjur](#)

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)
Deildarstjóri aðal- og svæðisskipulags
Umhverfis- og skipulagssviði
Reykjavíkurborgar

Sent til:
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
Nágrannasveitarfélög
Velferðarráð/Velferðarsvið Reykjavíkurborg
Íbúaráð í öllum borgarhlutum
Skipulagsstofnun
Umhverfisráðuneyti
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun